



Ungmennafélag Akureyrar

Stofnað 5. apríl 1988

Ársskýrsla 2021



Hluti af þjálfarateymi UFA á árinu 2021

F.v. Alexander Breki, Róbert Mackay, Katrín Sól, Guðmundur Daði og Unnar Vilhjálmsson

Aðalstjórn UFA kosin á aðalfundi 2021

Jóna Jónsdóttir formaður
Rósa Dagný Benjamínsdóttir gjaldkeri
Jóna Finndís Jónsdóttir ritari
Finnur Friðriksson meðstjórnandi
Sigurbjörn Gunnarsson meðstjórnandi

Í varastjórn voru Elsa María Guðmundsdóttir og Sigurður Magnússon. Skoðunarmaður reikninga var Guðmundur Víðir Gunnlaugsson.

Einnig eru starfandi sérstakar undirstjórnir fyrir langhlaupadeildina eða Eyrarskokk og þríþrautardeildina sem kallar sig Norðurljós - perlur Eyjafjarðar og munu þau koma upp hér á eftir mér til að gera grein fyrir starfsemi sinna deilda.

Eins og árið 2020 var árið 2021 mjög sérkennilegt fyrir allt íþróttafólk vegna samkomutakmarkana og smitvarna. Við náðum að halda uppi æfingum að mestu en mörgum mótum var frestað eða þau felld niður, þar á meðal unglíngalandsmót UMFÍ sem átti að halda á Selfossi um verslunarmannahelgina. Þetta fannst okkur leitt því eins og við vitum er það mikilvægt og hvetjandi fyrir fólk sem æfir keppnisíþróttir að hafa tækifæri til að fá árangur sinn metinn reglulega, sjá hvar þeir standa miðað við aðra, til að sjá framfarir og endurnýja markmið. Við vonum sannarlega að þetta tímabil sé úr sögunni og að við fáum mörg skemmtileg mót á árinu 2022. Að jafnaði má segja að hjá UFA æfi um 60 manns frjálsar íþróttir, mikil gróska er í yngri flokkunum og flestir iðkendur eru á aldrinum 6-14 ára.

Viðburðir:

Samstarf frjálsíþróttastarfsins og Eyrarskokks hefur verið farsælt. UFA Eyrarskokk stendur að öllu jöfnu fyrir þremur almenningshlaupum ár hvert þar sem ágóði hlaupanna fer til styrktar frjálsíþróttastarfs UFA en iðkendur og foreldra aðstoða við hlaupahaldið. Rannveig fer betur yfir þetta í skýrslu Eyrarskokks hér á eftir.

Grunnskólamót UFA í frjálsum fór fram dagana 18.-20. maí sl. Vegna smitvarna var það minna í sniðum en áður, en öllum börnum í 4. bekk grunnskólanna á Akureyri var boðið að taka þátt. Keppt var í spretthlaupi, hringhlaupi, langstökki, boðhlaupi og reipitogi. Allir keppendur stóðu sig mjög vel og var framkoma barnanna til fyrirmyndar. Við hjá UFA viljum þakka skólunum fyrir samstarfið um þetta mót sem er virkilega skemmtilegt og gefandi. Einnig viljum við þakka þeim Unnari Þjálfara og Ásgeiri tímatökumanni fyrir þeirra ómetanlega framlag sem gerir okkur kleift að bjóða upp á þetta mót.



Mynd frá Grunnskólamótinu 2021

UFA hélt 95. Meistaramót Íslands í norðangarra og éljagangi helgina 12.-13. júní 2021. Mikil óvissa var í aðdraganda mótsins vegna sóttvarnaraðgerða og slæmrar veðurspár. Mótsstjóri var Gunnar Sigursson og þurfti hann að gera a.m.k. þrjá mismunandi tímaseðla eftir því sem áætlanir breyttust. Vinnan vegna þessa var einnig mikil hjá Finni okkar Friðriks sem sá af myndarskap um mönnun mótsins og upplýsingaflæði til starfsmanna. Það rættist úr veðrinu á laugardeginum og var vel hægt að keppa þó hitastigið væri ekki þess eðlis að mikil met væru slegin en á sunnudeginum drógu nokkrir keppendur sig úr leik vegna veðurs og meiðslahættu. Þó það sé heilmikil vinna fyrir félagsmenn að framkvæma mót af þessari stærðargráðu þá er það mikils virði fyrir starfsemi UFA. Bæjaryfirvöld og starfsmenn Þórs hafa sýnt okkur stuðning í verki með betrumbótum á æfingasvæðinu okkar og okkar frábæru sjálfbóðaliðar viðhalda þekkingu sinni á mótahaldi. Fyrir þetta allt erum við mjög þakklát. Þess má geta að í ljósi þess hve vel gekk hjá UFA að halda bæði 94. og 95. Meistaramót Íslands hefur okkur verið falið að halda Meistaramót Íslands fyrir 11-14 ára helgina 9.-10. júlí nk. og vonast ég til að sem flestir sem hér sitja taki hana frá til að aðstoða. Þetta verður vonandi stórt mót og góðir möguleikar til fjáröflunar fyrir UFA.

Akureyrarmót UFA og Norðlenska var haldið 21. ágúst í veðurblíðu. Níutíu keppendur mættu til leiks, flestir voru iðkendur UFA en einnig mættu góðir hópar frá Þingeyingum, Skagfirðingum og Húnavetningum auk annarra sem sumir hverjir komu lengra að. Íslandsmet í sleggjukasti 14 ára stúlkna (3,0 kg) var slegið af Birnu Jónu Sverrisdóttur UÍA, þegar hún kastaði sleggjunni 41,98 m, óskar UFA henni innilega til hamingju með árangurinn.

Minningarmót Ólivers var haldið í Boganum þann 4. desember og voru skráðir tæplega 90 keppendur til leiks. Það var okkar góði stuðningsaðili RUB23 sem gaf verðlaunin á mótinu en það er haldið til minningar um Óliver Einarsson sem var ungur og efnilegur frjálsíþróttamaður hjá UFA þegar hann lést af slysförum í maí 2017.

Fimm minni innanfélagsmót voru haldin á árinu. Öll þessi mót tókust með ágætum og þökkum við þeim sem aðstoðuðu við framkvæmd þeirra.

Iðkendur okkar fóru á mót eftir því sem möguleiki var á, þar má m.a. nefna MÍ tiltekinna aldursflokka og Sumarleika HSP sem haldnir voru í sól og blíðu. Mikið var um persónulegar bætingar, gaman er að sjá framfarirnar og hvað okkar iðkendur sýna almennt íþróttamannslega framkomu þegar farið er á mót. UFA plús gerðu góðar ferðir á MÍ öldunga bæði utan- og innanhúss og voru stigahæsta liðið á báðum mótum. Sómi af þeirra ferðum og dugnaði.



Mynd frá Sumarleikum HSP 2021

Titlar:

Fyrir utan fjölmarga Íslandsmeistaratitla UFA á öldungamótum þá voru Íslandsmeistarar okkar í aldursflokkum 10 talsins á árinu 2021:

Nafn Íslandsmeistara:	Íþróttagrein:
Baldvin Þór Magnússon	1500 m utanhúss
Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir	5000 m hlaup kvenna utanhúss
Róbert Mackay	300m, 60m grind innanhúss / 100m, 200m, 300m, 100m grind utanhúss (15 ára)
Sigurlaug Anna Sveinsdóttir	400m innanhúss (16 ára)
Birnir Vagn Finnsson	110m grind, hástökk utanhúss (18 ára)
Brynjar Páll Jóhannsson	60 m hlaup pilta 13 ára, 100 m hlaup pilta 13 ára utanhúss
Garðar Atli Gestsson	Kúluvarp pilta 12 ára utanhúss
Olaf Gnidziejko	Kúluvarp pilta 12 ára innanhúss
Tobías Þórarinn Matharel	60 m hlaup pilta 12 ára utanhúss
Aníta Lind Sverresdóttir	Hástökk stúlkna 13 ára innan- og utanhúss

Baldvin Þór og Sigþóra Brynja voru í landsliðshópi FRÍ fyrir Evrópubikar 2021 ásamt Rannveigu Oddsdóttur, Önnu Berglindi Pálmadóttur og Þorbergi Inga Jónssyni sem voru í landsliðsvali bæði 2021 og hafa verið valin á ný fyrir árið 2022. Í Úrvalshópi FRÍ 2021-2022 eru Róbert Mackay og Sigurlaug Anna Sveinsdóttir.



UFA dagurinn 2021

Viðurkenningar UFA vegna ársins 2021:

Íþróttafólk UFA voru valin:

Baldvin Þór Magnússon - Baldvin Þór hefur náð framúrskarandi árangri í millivegalengdum á árinu. Hann setti Íslandsmet í 1500m, 3000m og 5000m utanhúss og 3000m innanhúss. Hann hlaut bronsverðlaun á EMU22 í Tallinn sumarið 2021 í 5000m og gull í 3000m og brons í 1500m í Evrópukeppni Landsliða. Baldvin Þór er fæddur á Akureyri og bjó hér fyrstu árin en flutti þá til Bretlands með foreldrum sínum og stundar núna háskólanám í Bandaríkjunum.

Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir - Sigþóra Brynja hefur náð mjög góðum árangri í millivegalengdum og götuhlaupum á árinu. Hún bætti sig í öllum vegalengdum sem hún keppti í og skipaði sér í fremstu röð íslenskra millivegalengda- og langhlaupara. Hún var valin í landsliðið í frjálsum 2021 og keppti fyrir Íslands hönd á móti í Búlgaríu í sumar. Sigþóra Brynja er metnaðarfullur íþróttamaður sem hefur sýnt mikla seiglu í æfingum á liðnum árum og uppsker nú í samræmi við það.

Hvatningarverðlaun fær:

Brynjar Páll Jóhannsson – Brynjar Páll er metnaðarfullur íþróttamaður sem hefur náð góðum árangri í mörgum greinum frjálsra íþróttar, sérstaklega í hlaupagreinum og langstökki. Hann mætir vel á æfingar, fer eftir fyrirætlunum, sýnir stöðugar framfarir og sýnir íþróttamannslega hegðun. Hann er Íslandsmeistari í flokki 13 ára piltar bæði í 60 m hlaupi og 100 m hlaupi utanhúss.

Þjálfaramál:

Þjálfarar UFA eru þeir Unnar Vilhjálmsson, Guðmundur Daði Kristjánsson og Ari Heiðmann Jósavínsson, auk þess sem Jón Friðrik (Brói) og Sindri hafa komið að þjálfun af og til. Unnar hefur eldri iðkendur sér til aðstoðar með yngri hópana. Aðstoðarþjálfarar á árinu 2021 voru Birnir Vagn, Alexander Breki, Katrín Sól, Róbert Mackay, Pétur Friðrik, Adrían og Aníta. Þökkum við þeim kærlega fyrir vel unnin störf.

Þakkið færi einnig Ásgeir Már Hauksson en hann hefur til margra ára séð um tímatökubúnað í hlaupagreinum og unnið ómetanlegt sjálfbóðaliðastarf fyrir félagið.

Styrktaraðilar:

Aðalstyrktaraðilar UFA eru Akureyrarbær, Norðurorka, Norðlenska, Rafeyri og RUB23. Kunnum við þeim bestu þakkið fyrir stuðninginn.

Starf stjórnar:

Stjórnarfundir 2021 voru 15 talsins. Á þessum fundi verða þær breytingar á stjórn að ég (Jóna), Finnur, Sigurður og Sigurbjörn ganga úr stjórn en Rósa, Jóna Finndís og Elsa gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu. Okkur vantar því 2 framboð til stjórnar og 2 framboð til varastjórnar á þessum fundi. Ég vil nota tækifærið og þakka þeim sem hafa unnið með mér í stjórn undanfarin þrjú ár eða síðan ég kom inn í stjórn sem gjaldkeri á aðalfundi 2019, þjálfurum, foreldrum, iðkendum og sjálfbóðaliðum kærlega fyrir gott samstarf og óska UFA alls hins besta í framtíðinni.

Fyrir hönd stjórnar UFA

Jóna Jónsdóttir, Formaður.